

## ERINDISBRÉF

### Starfshópur um greiningu á tækifærum til haftengdrar upplifunar og útivistar fyrir almenning í Reykjavík.

#### Ábyrgðarmaður:

Borgarstjóri.

#### Inngangur:

Í Reykjavík er umhverfi til að auka jöfnuð, heilsu og hamingju þannig að allir borgarbúar fái tækifæri til að búa við góða heilsu og góð lífsgæði. Sundmenning okkar er okkur mikilvæg og strandlengja Reykjavíkur er dýrmæt eign okkar allra, bætt aðgengi að henni hefur í för með sér meiri möguleika til haftengdrar upplifunar og útivistar sem getur hvatt til aukinnar útiveru borgarbúa og skilað sér í bættri lýðheilsu, líkamlegri og félagslegri.

Það er mikilvægt að við stígum í takt við menningu okkar og auknum áhuga á haftengdri upplifun og útivist eins og sjóböðum, gufuböðum og öðrum útivistarmöguleikum í og við hafið og bætum aðgengi að strandlengjunni okkar.

#### Hlutverk og vinnufyrirkomulag:

Starfshópnum verður falið að skilgreina tækifæri og möguleika borgarinnar til uppbyggingar á haftengdri upplifun og útivist við strandlengjuna í Reykjavík í samræmi við Græna Planið og Meirihlutasáttmála 2022-2026.

Verkefnið felst í að greina og kortleggja svæði sem henta fyrir ýmiskonar haftengda upplifun, hvort sem um er að ræða gufuböð, heit böð, sjósund, sjósport eða annarskonar upplifun við hafið og útivist víðsvegar við strandlengju Reykjavíkur. Starfshópurinn skoða sérstaklega ólík rekstrarform, kortleggur hvort tilraunaverkefni eigi við í einhverjum tilfellum og leggi mat á gæði eftir staðsetningum ólíkra verkefna. Starfshópur myndar mögulega tímalínu framkvæmda.

#### Helstu verkefni:

- Greining
- Kortlagning
- Tækifæri
- Rekstrarform
- Tímalína

#### Starfshópin skipa:

Rebekka Guðmundsdóttir, skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar (USK), formaður  
Hilmar Hildar Magnússon, atvinnu- og borgarþróunarteymi (SBB)  
Borghildur Sölvey Sturludóttir, deildarstjóri deiliskipulagsáætlana (USK)  
Hulda Hallgrímsdóttir, atvinnu- og borgarþróunarteymi (SBB)  
Steinþór Einarsson, íþróttá og tómstundasvið, (ÍTR)  
Harpa Þorsteinsdóttir, verkefnisstjóri lýðheilsu (SBB)



Reykjavíkurborg

Guðrún Birna Sigmarsdóttir, skrifstofa framkvæmda og viðhalds (USK)

**Til ráðgjafar og samstarfs:**

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfisins hjá aðilum sem hafa sérþekkingu á viðfangsefninu m.a. til Heilbrigðiseftirlits og Faxaflóahafna. Hópurinn hittir einnig helstu hagsmunaaðila og fer yfir áherslur þeirra.

**Starfstímabil:**

Starfshópurinn starfi frá 8. september 2022 og skili tillögum til borgarráðs við lok starfstímabilsins eða ekki síðar en 08. desember 2022.

Reykjavík, 16. september 2022

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri